

Ed.

304. Frumvarp til laga

[155. mál]

um breyting á lögum nr. 1 31. jan. 1966, um leigubifreiðar.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kaптúnunum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Sama gildir um fólksbifreiðar í þeim kaптúnunum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri, enda komi til meðmæli hreppsnefnda í þeim sveitarfélögum, sem félagssvæðið nær til. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi fólksbifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 1/1966, um leigubifreiðar, er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar í hlutaðeigandi kaupstað skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kaптúnunum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri.

Reynslan sýnir, að ástæða er til að rýmka ákvæði laganna, svo að þess sé kostur að láta þau taka til fleiri staða en nú er heimilt.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að samgöngumálaráðuneytinu sé heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða til fólksflutninga í þeim kaптúnunum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri, og að hreppsnefndum sé heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga á hlutaðeigandi félagssvæði hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi bifreiðarstjóra.

Allir þingmenn Austurlandskjördæmis standa að flutningi þessa máls.